

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær, Gunnarssund 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 20. desember 2009 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær frá 1981, vegna Gunnarssunds 9. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðar nr. 9 við Gunnarssund er hækkað úr 0,45 í 0,75 og flatarnýting aukin úr 0,25 í 0,4. Leyfilegur þakhalli verður 40°. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 7. janúar 2010,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2010